



FÉLAG ELDRÍ BORGARA  
Á AKUREYRI

## Stutt kynning á félaginu.

**Félag eldri borgara á Akureyri** var stofnað 3. október 1982 í Sjallanum og voru stofnfélagar 343, en auk þess gerðust 10 einstaklingar styrktarfélagar.

*Ágrip af sögu félagsins* er að finna undir liðnum **UM FÉLAGIÐ** hér á heimasíðunni og þykir ekki ástæða til að endurtaka þar sem þar kemur fram.

Félagið er með heimasíðuna [www.ebak.is](http://www.ebak.is), en heiti félagsins er gjarnan stytt í EBAK. Einnig er virkur fésbókarhópur á vegum félagsins, sem nefndist *EBAK Félag eldri borgara á Akureyri*.

### Hlutverk félagsins

Hlutverk, samkvæmt samþykktum félagsins, er að vinna að félags- og hagsmunamálum eldri borgara:

- a) með skemmtanahaldi og ferðalögum.
- b) með fræðslufundum og námskeiðahaldi.
- c) með líkamspjálfun og útivist.
- d) með kynningu á réttindum og skyldum eldri borgara í samfélaginu.
- e) með úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara, atvinnumálum og efnahagsmálum.
- f) með því að vera tengiliður og umsagnaraðili milli eldri borgara á Akureyri og þeirra aðila, Akureyrarbæjar og ríkisstofnana, sem annast málefni er varða hagsmuni eldri borgara.
- g) með aðild að öldungaráði Akureyrarkaupstaðar.
- h) með því að vinna að öðrum þeim verkefnum sem stjórnin telur ástæðu til að félagið annist.

### Félagsstarf eldri borgara á Akureyri

Margþætt og þróttmikið tómstunda- og félagsstarf fyrir eldri borgara, 60+, fer fram bæði á vegum Akureyrarbæjar og Félags eldri borgara á Akureyri. Starfsemi bæjarins heyrir undir samfélagssvið. Bærinn rekur tvær félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara, í Bugðusíðu 1 og Víðilundi 22.

Eins og fram kemur í *Ágrip af sögu félagsins* var gerður samningur við Akureyrarbæ 2005 um að EBAK fengi aðstöðu í félagsmiðstöðinni að Bugðusíðu 1.

Nýr samningur á milli Akureyrarbæjar og Félags eldri borgara um afnot félagsins af húsnæðinu að Bugðusíðu 1 var undirritaður 21. desember 2017. Byggir hann að mestu leyti á eldri samningum, en megin breytingin er að EBAK tekur við umsjón með Bugðusíðu 1 og starfsmannahaldi þar frá 1. júní 2018. Samningurinn leggur grunn að metnaðarfullu félags- og tómstundastarfi EBAK. Á undanförunum árum hefur ekki verið starfsemi á vegum Akureyrarbæjar í félagsmiðstöðvunum yfir sumarið, en í samningnum er ákvæði um að stefnt sé að heilsársopnun í þeim báðum.

Stundaskrár félagsmiðstöðvanna og yfirlit yfir starfsemina má finna í bæklingi, sem Akureyrarbær gefur út í september og janúar ár hvert í samstarfi við EBAK. Bæklinginn má einnig finna á [www.ebak.is](http://www.ebak.is).

### Starfsemi EBAK

Félagið á mikið og gott stamstarf við stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvanna.

Starfsemi EBAK fer einkum fram í Félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1, enda er skrifstofa félagsins þar staðsett. Starfsemin er mjög öflug eins og sést vel á því að sjálfbóðastarf í þágu félagsins er unnið af um 70 félagsmönnum sem kosnir eru á aðalfundi eða skipaðir af stjórn til tímabundinna verkefna. Aðrir félagar koma til aðstoðar og undirbúnings við ýmis tækifæri þegar þess er þörf.

Félagar geta þeir orðið sem búsettir eru á Akureyri og nágrenni, hafa náð 60 ára aldri og einnig makar þeirra þótt yngri séu.

Skráning í félagið er á [www.ebak.is](http://www.ebak.is) eða á skrifstofu félagsins, en hún er opin á miðvikudögum kl. 14:00-15:00.

Árgjald 2018 er kr. 2.500 sé greitt í heimabanka, en 2.800 ef greitt er með gíróseðli. Upphæð árgjaldsins hefur verið óbreytt í nokkur ár, en það er með lægstu árgjöldum félaga eldri borgara og stýttist í að þurfi að hækka það, einkum vegna breyttra aðstæðna.

Félagar eru nú um 1.400 og fer stöðugt fjölgandi.

Rétt er að taka hér fram að mörg fyrirtæki um allt land veita félögum afslátt af vörum og þjónustu gegn framvísun félagsskírteinis.

## Stjórn EBAK

Stjórn félagsins skipa 7 einstaklingar í aðalstjórn og þrír í varastjórn.

Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri mynda framkvæmdaráð.

## Nefndir og hópar

Að jafnaði eru fimm til sjö einstaklingar í hverri nefnd, en fjöldinn fer eftir eðli starfsemi nefndanna. Hægt er að kalla aðra félaga til aðstoðar við störf nefndanna ef þurfa þykir.

Gerðar hafa verið starfslýsingar fyrir hverja nefnd fyrir sig, þar er hlutverki þeirra lýst í stuttu máli og einnig ábyrgð þeirra gagnvart félaginu og félögnum. Allar nefndir skulu halda til haga skriflegum gögnum sem verða til í starfinu og skulu þau geymd á skrifstofu félagsins. Einnig hafa þær sitt heimasvæði í tölvu félagsins og setja þar inn gögn til geymslu á rafrænu formi.

Sami einstaklingur má aðeins sitja samfelld í fjögur ár í aðalstjórn eða í nefnd og aðeins sitja í einni fastanefnd á sama tíma. Gæta þarf þess að ekki sé skipt um alla nefndamenn á sama aðalfundi.

Þegar kosið er í stjórn, nefndir, öldungaráð, fulltrúa á landsfund LEB og fleira skal leitast við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust.

**Ferðanefnd** sér um skipulagningu ferða, kynnr þær og annast fararstjórn. Farin er að minnsta kosti ein utanlandsferð á ári auk nokkurra innanlandsferða. Leikhúsferð er yfirleitt farin á hverjum vetri og einnig ferð á jólahlaðborð í samvinnu við skemmtinefnd.

**Fræðslunefnd** annast ýmis konar fyrirlestra, bókakynningar og námskeið. Dagskrá á vegum nefndarinnar er 1. og 3. mánudag í mánuði yfir veturinn og hefst hún kl. 13:30 í Bugðusíðu 1. Annað hvert ár hefur nefndin staðið að ráðstefnu á vegum HA og Félags eldri borgara.

**Skemmtinefnd** stendur fyrir skemmtunum af ýmsu tagi. Þar má nefna kráarkvöld, árshátíð og vorhátíð. Einnig sér nefndin um bingó einu sinni í viku. Þá sér nefndin um ferð á jólahlaðborð í samvinnu við ferðanefnd.

**Spilanefnd - í bridds** sér um keppni í bridds, tvímennings- eða sveitakeppni á fimmtudögum kl. 13-16. Að jafnaði er spilað á 7-9 borðum.

**Spilanefnd – félagsvist** sér um félagsvist, sem spiluð er vikulega kl. 20 á fimmtudagskvöldum. Gjarnan er spilað á 18-20 borðum, en flest hafa borðin verið 21.

**Göngunefnd** sér um gönguferðir í Kjarnaskógi yfir sumarið einu sinni í viku. Hver og einn ræður sinni gönguleið og gönguhraða. Göngufólk fer árlega í eina óvissuferð. Góð þátttaka hefur verið í störfum nefndarinnar. Nefndin hefur hvatt til að eldri borgarar gangi í Boganum yfir veturinn.

**Gönguklúbburinn**, *Göngum úti í sumar*, hóf starfsemi sína sumarið 2017 og fór þá í sex ferðir. Hann beinir sjónum sínum að göngum sem geta staðið í 1-3 klukkutíma og þá jafnvel í fjallendi. Félagar í EBAK fá dagsferðir Ferðafélags Akureyrar á félagsverði, gegn framvísun félagsskírteina.

**Golfnefnd** annast þútt í Íþróttahöllinni yfir veturinn og golf á Jaðarsvelli á sumrin. Oft taka um 40 manns þátt í þúttinu.

**Umsjónarmenn netmiðla** sjá um að setja efni inn á heimasíðuna [www.ebak.is](http://www.ebak.is). Einnig að setja inn efni og hvetja nefndaformenn og aðra til að setja inn upplýsingar á fésbókarhópinn *EBAK Félag eldri borgara á Akureyri*.

**Uppstillinganefnd** vinnur úr nafnalista yfir þá sem hafa gefið kost á sér til starfa í stjórn og nefndum og auglýsir eftir fleirum. Félagar geta einnig komið tilnefningum eða uppástungum um aðila í stjórn eða nefndir á framfæri við nefndina.

Nefndin leggur fram tillögur yfir aðila í stjórn og fastanefndir félagsins. Þá leggur nefndin fram tillögu um tvo skoðunarmenn reikninga félagsins í samráði við stjórn. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins og á heimasíðunni [www.ebak.is](http://www.ebak.is) í minnst tvær vikur fyrir aðalfund.

**Bugðusíðunefnd** var stofnuð vorið 2016 til að annast sumaropnun í félagsmiðstöðinni þar. Hlutverk nefndarinnar breytist í það minnsta þegar EBAK tekur við starfsmannahaldi í Bugðusíðu 1.

**Víðilundarnefnd** var stofnuð vorið 2017 til að annast sumaropnun í félagsmiðstöðinni þar. Hlutverk hennar minnkar einnig, en gert er ráð fyrir að nefndin komi til með að starfa í júlímánuði 2018.

**Öldungaráð** Akureyrarbæjar var stofnað 9. júlí 2015 að tilhlutan Félags eldri borgara á Akureyri. Ráðið er samráðsvettvangur bæjarbúa 60 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjarins og er virkur þátttakandi í allri stefnumótun málaflokksins eins og segir í samþykkt ráðsins. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar frá Akureyrarbæ og þrír frá EBAK.

**Notendaráð félagsmiðstöðvanna** er tengiliður á milli notenda félagsmiðstöðvanna, starfsfólks þeirra og EBAK, sem á þar tvo fulltrúa.

**Kór eldri borgara Í Fínu formi** er öflugur kór, sem æfir tvisvar í viku í 9 mánuði ársins. Hann syngur við ýmis tækifæri og fer í söngferð á hverju vori. Rúmlega 60 söngvarar eru í kórnum. Hann heldur að jafnaði þrjú bingó á ári til fjáröflunar.

Auk þess sem áður er talið á félagið fulltrúa í starfshópi á vegum Akureyrarbæjar um næringu aldraðra.

## Lokaorð

Starfsemi félagsins byggist að mestu leyti á öflugri starfi nefnda og hópa og því er mikilsvert að sem flestir komi að nefndastarfinu svo þeir og aðrir félagar geti notið ánægjulegs og gefandi félagsstarfs.

Félag eldri borgara á Akureyri er metnaðarfullt félag sem vill bjóða félagsmönnum og öðrum eldri borgurum í Akureyrarkaupstað upp á áhugavert tórstunda- og félagsstarf. Með því vill það stuðla að og viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri fægni félagsmanna og annarra eldri borgara til að njóta efri áranna, eftir vilja og getu hvers og eins.

Akureyri í janúar 2018. Halldór Gunnarsson og Hallgrímur Gíslason.